

106

2. ágúst

## AUGLÝSING

### um verzlunarsamning milli Íslands og Haïti.

Stjórnir Íslands og Haïti hafa þann 21. október 1937 gert með sér verzlunarsamning, saminn á frönsku, er hér með birtist í íslenskri þýðingu.

#### VERZLUNARSAMNINGUR MILLI ÍSLANDS OG HAÏTI

Með því að Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur og hans tign forseta lýðveldisins Haïti leikur hugur á að hlynnna að og efla verzlunarviðskiptin milli Íslands og Haïti hafa þeir ákvarðað að gera verzlunarsamning í þessum tilgangi, og hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Herra Andreas Oldenburg, sendiherra sinn og ráðherra með sérstöku umboði í París.

Hans tign forseti lýðveldisins Haïti:

Herra Yrech Chatelain, sendiherra og ráðherra með sérstöku umboði í París, sem, eftir að hafa sýnt hvor öðrum umboð sín, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði:

#### 1. grein.

Sérhver hinna tignu samningsaðilja heitir gagnaðiljanum beztu kjörum að því er snertir réttindi ríkisborgaranna, meðferð á skipum, og sömuleiðis á vörum, bæði við innflutning, útflutning og framhaldsflutning.

#### 2. grein.

Ákvæði samnings þessa um beztu kjör gilda ekki:

- a) um hlunnindi, sem veitt hafa verið, eða veitt kunna að verða nágrannaríkjum til þess að greiða fyrir viðskiptum á landamærum;
- b) um tollívilnanir, eða aðrar ívilnanir, sem lýðveldið Haïti hefir veitt, eða kann síðar meir að veita lýðveldinu Dominika, á meðan að þessi hlunnindi eru ekki veitt neinu öðru ríki.

#### 3. grein.

Samning þennan skal fullgilda, og fullgildingarskjölin skulu afhent í París undir eins og hægt er. Hann gengur í gildi þremur mánuðum eftir afhendingu fullgildingarskjalanna, og verður sagt upp af hvorum samningsaðiljanum fyrir sig með sex mánaða fyrirvara.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan, og sett þar við innsigli sín.

Gert í tveimur eintökum, í París, þann 21. október 1937.

Fyrir Ísland:

A. Oldenburg  
(L. S.)

Yrech Chatelain  
(L. S.)

## LOKAÁKVÆÐI

106

Undirritaðir, sem hafa komið saman í dag til þess að undirrita verzlunarsamning þann, sem hér fer á undan, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

Að athuguðu sambandi því, sem samkvæmt sambandslögnum frá 30. nóv. 1918 er á milli Íslands og Danmerkur er samkomulag um, að Haïti getur ekki, með tilvísun til ákvæða samnings þessa, krafizt að njóta þeirra sérstöku hlunninda, sem Ísland hefir veitt eða kann síðar meir að veita Danmörku.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað lokaákvæði þessi, og sett þar við innsigli sín.

Gert í tveimur eintökum, í París, þann 21. okt. 1937.

Fyrir Ísland:

A. Oldenburg  
(L. S.)

Yrech Chatelain  
(L. S.)

Samtímis því að undirrita samninginn skiptust umboðsmennirnir á erindum, þar sem ákveðið var, að verzlunarsamningurinn skyldi öðlast, til bráðabirgða, gildi strax við undirritun, þar til fullgildingarskjölin yrðu afhent og hann, samkvæmt 3. grein sinni, gengi í gildi.

Fullgildingarskjölin að samningnum voru afhent í París, þann 12. júlí þ. á.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Forsætisráðherrann, 2. ágúst 1938.*

**Hermann Jónasson.**

## BRÁÐABIRGÐALÖG

107

um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

2. sept.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að ákvæði námulaga, nr. 50 30. júlí 1909, séu að ýmsu leyti orðin úrelt og ófullnægjandi, einkum að því er snertir málmgraftarleyfi og ráðstafanir á námuréttindum, sem eru í eign sveitarfélaga eða opinberra stofnana, en hins vegar hætta á að einstaklingar eða félög geti náð haldi á slíkum réttindum eigendum til tjóns, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til umbóta á því, sem mest kallar að í þessu efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 7. gr. námulaganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.